





**Deiliskipulag í Kleppsvík.**
**Almennir skipulagsskilmálar.**

1. **Nýtingarhlutfall:** Almennt skal miða við að nýtingarhlutfall á lóðum og / eða farmstöðvum skulu ekki vera hærri en 0.5, nema annað komi fram í sérskilmálum einstakra lóða.

2. **Innra skipulag-** lóða svo og stærðir húsa, athafnasvæði og aðkomur skal unnið í samráði við Reykjavíkurhöfn og skal skipulag lagt inn til samþykktar hjá Hafnarstjóra og Borgarskipulagi áður en lóðarhafi sækir um byggingarleyfi.

3. **Bílastæði:** Gerð er krafa um bílastæði á lóð miðað við skipulags og byggingarlög ásamt bílastæðisreglum Reykjavíkurborgar 2 og 3 gr. frá 15 jan 1987. Sé um frávik að ræða er vísað í 3 grein reglna Reykjavíkurborgar og grein 3.1.4 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.
Viðmiðun á hafnarsvæðum Reykjavíkurhafnar verði 1 bílastæði fyrir 35 $m^2$ í skrifstofuhúsnæði og 1 bílastæði fyrir 100 $m^2$ í vörugeymslum, og annað atvinnuhúsnæði 1 bílastæði fyrir 50 $m^2$. Á skipulagsuppdrætti er sýnd möguleg staðsetning bílastæða.

4. **Girðingar**: Gert er ráð fyrir að lóðarhafi geti girt af lóð sína. Slíkar girðingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda. Ennfremur skal lóðarhafi leita samþykkis Reykjavíkurhafnar á girðingunni og hafa samráð við nágranna. Girðingar skulu vera opnar og að hámarki 2.5 m á hæð.

5. **Frágangur lóða-** skal vera í samræmi við skipulagsuppdrætti og úthlutunarskilmála. Lóðarhafar skulu hafa samráð um frágang á lóðarmörkum.

6. **Mæliblöð og hæðarblöð.** Mæliblöð sýna nákvæma stærð lóðar svo og hnit og mál ytri marka hennar. Þá sýna mæliblöð byggingarreit og kvaðir ef einhverjar eru. Hæðarblöð sýna götu og gangstéttarhæðir við lóðamörk, landhæðir og kóta aðalgólfa, frárennslislagna og fl.

**Eftirfarandi breyting er gerð á deilskipulagi í Kleppsvík**

**Kjalarvogur 16**

**Byggingarreitur skrifstofuhúss og aðstöðu er stækkaður um 3 metra til austurs. Nýtingarhlutfall breytist ekki.**

**Almennir skilmálar fyrir deiliskipulag í Kleppsvík breytast ekki.**

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 25 gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997, var:

Samþykkt í skipulags og umferðanefnd Reykjavíkur

Þann 18. sept. 2000

[signature]

Samþykkt í borgarráði

þann 26. sept. 2000

[signature]

Deiliskipulag þetta var auglýsti í B- deild Stjórnartíðindum

Þann ______________ 2000

# REYKJAVÍKURHÖFN KLEPPSVÍK

## BREYTING DEILISKIPULAGS Á LÓÐINNI KJALARVOGUR 16

DEILISKIPULAG UNNIÐ Á TEIKNINGAGRUNNI FRÁ HNIT hf DAGSETT Í APRÍL 1996

**Breytt 20.09.2000 samkv. bókun skipulags- og umhverfisnefndar Reykjavíkurborgar 18.09. 2000**

SKÝRINGAR:

- MÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGAREITUR
- LÓÐAMÖRK
- MÖRK SKIPULAGSREITS
- NÚVERANDI BYGGINGAR OLÍUFÉLAGSINS H.F. VIÐ KLEPPSMÝRARVEG


ARKITEKTAR GUNNAR OG REYNIR S.F.
LAUGAVEGI 18a 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 551 1300 FAX: 552 4911
GUNNAR FRIÐBJÖRNSSON ARKITEKT FAI
REYNIR ADAMSSON ARKITEKT FAI


| | |
|---|---|
| TEIKNING NR. | 112–119S |
| TEIKN: | GF |
| DAGS: | 14.09.'00 |
| MKV: | 1:1000 |